




# Pílagrímsferð til Haifa

KENNARI: HILDUR JÓNSDÓTTIR  
FERÐALANDFRÆÐI ÚTLANDA 103  
FERÐAMÁLASKÓLINN

Erin Mae Kinghorn  
Vor 2008





## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Frá Íslandi til Haifa.....	4
3. Árstíðir, loftslag og píligrímatímabilið.....	5
4. Gistimöguleikar.....	6
5. Bahá'í heimsmiðstöðin á Karmelfjalli.....	7
5.1. Grafhýsi Bábsins.....	7
5.2. Grafhýsi Bahá'u'lláh.....	8
5.3. Bahá'í garðarnir.....	9
5.4. Akkoborg og fangelsið.....	10
5.5. Stjórnfarslegar byggingar á Karmelfjalli.....	11
6. Ferð heim til Íslands.....	12
7. Lokaorð.....	13
Heimildaskrá.....	14



## 1. Inngangur

Ísrael er í Mið-Austurlöndum við strönd Miðjarðarhafsins. Landið er ekki nema 20,770 km<sup>2</sup> en þar eru tæplega 6,5 milljónir íbúa. Til samanburðar þá er Ísland rúmlega 103 km<sup>2</sup> og hér eru kringum 300.000 íbúar.




Við maðurinn minn erum að fara til Ísraels í bahá'í pílgrímsferð í páskafríinu og þessi ritgerð er kynning á ferðinni. Í ritgerðinni er nokkrum stöðum lýst sem við heimsækjum, gert grein fyrir gistimöguleikum og loftslagi. Af því að ferðin er ekki hafin enn er ekki hægt að fara í öll smáatriðin eða hafa of nákvæma lýsingu á öllum helgastöðum og gördum. Þetta er hinsvegar ágætis undirbúningur fyrir okkur og þegar við loksins förum þá höfum við einhverja þekkingu á stöðunum og skiljum betur það sem við sjáum.

En Ísrael er ekki einungis Landið helga í augum bahá'ía heldur líka í augum Gyðinga og kristinna. Það var Móse sem leiddi Gyðingana sem voru þrælur í Egyptalandi til Ísraels og Jesús Kristur fæddist í Betlehem sem er aðeins fyrir sunnan Jerúsalem.

Saga Ísraels hefur verið stormasöm og landið varð ekki sjálfstætt fyrr en 14. maí 1948. En strax eftir það voru stríð og ófriður og ennþá í dag eru deilur milli Ísraels og Arabaríkjanna. En þrátt fyrir þetta fara ferðamenn til Ísraels og njóta sín vel.



Í pílgrímsferðinni okkar förum við norður fyrir Tel Aviv til Haifaborgar og förum í eina eða fleiri dagsferðir til Akko sem er fyrir norðan Haifa. Í Haifa búa 267.000 manns sem er 3.8 % af heildar fjöldanum í Ísrael. Árið 1785 endurbyggði Sheik Dahr Al-Omar Haifa eftir að þorpið var eyðilagt af bédúína. Jafnt og þétt hefur þorpið stækkað í borg og núna er hún þriðja stærsta borg Ísraels. En í Akko búa u.þ.b. 40.000 manns og bærin skiptist í eldri og nýrri hluta.



## 2. Frá Íslandi til Haifa

Þegar við vorum að undirbúa ferðina þurftum við að hugsa hvaða leið til Haifa væri best. Það voru tvær leiðir sem komu til greina og þær voru annað hvort gegnum Kaupmannahöfn eða London. Þegar við vorum búin að athuga báða möguleika eins vel og hægt var ákváðum við að fljúga til London og gista eina nótt þar.

Við förum frá Keflavíkflugvelli snemma um morguninn þann 14. mars kl. 07:15. Það tekur um það bil þrjá klukkutíma að fljúga frá Keflavík til Stansted flugvallar og áætlaður landingartími er kl. 10:10 að staðartíma. Við bókuðum herbergi á hóteli sem heitir Holiday Inn og það er staðsett einn kílómetra frá Heathrow flugvelli sem er mjög fínt af því að maður þarf ekki að eyða miklum tíma í að komast að flugvellingum næsta dag. Hinsvegar getum við ekki fengið herbergið okkar fyrr en klukkan tvö eftir hádegi sem þýðir að við þurfum að finna eitthvað að gera í stórborginni á meðan við bíðum. Þá er gott að fá sér að borða eða kíkja í búðir og söfn sem eru nálægt.




Næsta morgun þann 15. mars fer flugið frá Heathrow flugvelli kl. 08:30. Við nálgumst áfangastaðinn og eftir rúmlega fjögurra klukkutíma flug lendum við á Ben Gurion flugvelli fyrir utan Tel Aviv. Maður hefur heyrt að öryggisgæslan sé mjög ströng í Ísrael svo það er eins gott að hafa öll vegabréf og boðsbréf frá bahá'í heimsmiðstöðinni með sér.

En hvernig komumst við frá Tel Aviv til Haifa sem er í norðurhluta Ísraels sem er um það bil 100 kílómetra í burtu? Í fyrsta lagi er 15. mars laugardagur sem er hvíldardagur Gyðinga. Það þýðir að það verður ekki mikið af samgöngum milli staða. Allavega ekki eins oft og á virkum dögum. Í öðru lagi megum við ekki vera komin til Haifaborgar fyrr en klukkan níu um kvöldið samkvæmt reglum heimsmiðstöðvarinnar.

Það er spurning hvað muni henta okkur best eftir að við lendum á Ben Gurion flugvelli. Annað hvort þurfum við að fara til Tel Aviv fyrst en þá þarf að athuga hvernig við komumst þangað út af hvíldardeginum eða eyðum tímanum á flugvellingum áður en við förum norður. Við höfum fjóra möguleika á að komast





norður. Við getum tekið leigubíl en þá verður ferðin ansi dýr eins og alltaf er með leigubíla. Annar möguleiki væri að fara í rútu en þá yrði verðið eitthvað lægra. Hinsvegar þegar komið væri til Haifa þyrfti að fara frá aðalrútustöðinni á hótelið í leigubíl. Þriðji

valkosturinn væri að taka lest sem færi frá Ben Gurion flugvelli alla leið til Haifa. En eins og áður var nefnt þarf maður að komast á hótelið frá lestarstöðinni. Síðasti valkosturinn er farartæki sem heitir sherut. Það lítur út eins og leigubíll en virkar svipað og rúta. Verðið er fast og það tekur eins margt fólk og hægt er á leiðinni og keyrir fólk að hóteli sínu. Eftir að hafa athugað alla þessa möguleika er lestin besti valkosturinn. Maður þarf þá ekki að taka allan farangurinn með sér til Tel Aviv og út af hvíldardeginum er spurning hvað sé opið og hvað ekki. Þó maður þyrfti að taka leigubíl frá lestarstöðinni í Haifa er fjarlægðin frá hótelinu það stutt að það verður ekki mikið vandamál.

### 3. Árstíðir, loftslag og píligrímatímabilið

Árstíðirnar eru eins og alls staðar á norðurhveli. Sumar er á sumrin og vetur á veturna en hinsvegar er mikill munur á loftslagi og hita samanborið við Ísland. Á Íslandi verður aldrei of heitt né of kalt og stundum renna árstíðirnar saman. Í Haifa er vetur frá janúar til mars. Þá getur verið hlýtt og sólskin eða kalt og þrumuveður og hitastigið getur verið allt frá 9°-22°C. Vorið er frá apríl til júní og veðrið er mjög hlýtt að deginum en á kvöldin getur verið svalt og stundum blæs heitur, þurr vindur. Hitastigið getur verið allt frá 14°-29°C sem er orðið rúmlegt íslenskt sumar. Sumartíminn sem er frá júlí til september er heitur með háu rakastigi en þá er hitinn 24°-40°C. Haustið sem er frá október til desember er mjög svipað og vorið. Það getur verið mjög hlýtt á daginn en svalt á kvöldin og rigning. Hitastigið er líka mjög svipað eða frá 12°-29°C.





Pílagrímsferðirnar eru allar frá október til loka júní en annars er veðrið of heitt fyrir fólk. Það er mikill raki í loftinu og til dæmis erum við norðurlandabúar ekki vanir svona veðri. Best er að klæða sig í létt föt sem anda vel en eru samt virðuleg af því að þetta er helgur staður.

Gróðrið er fallett á öllum árstíðum nema á sumrin. Þá er skortur á vatni og ekki er hægt að vökva allan gróður sem er í bahá'í gördunum. Það sem starfsfólkið í heimsmiðstöðinni gerir er að snúa öllu grasinu við til að spara vatnið. Þegar haustið byrjar og pílagrímar byrja að streyma inn er sáð fyrir nýju grasi og það byrjað að vaxa og það vökvað eins og venjulega.

#### 4. Gistimöguleikar

Mikilvægt er að hugsa sér hvar maður ætlar að gista á meðan pílagrímsferðinni stendur. Það eru margir staðir út um Haifaborg sem bjóða upp á gistingu en ekki allir staðir eru góðir og sumir jafnvel án starfsleyfis. Þegar við fengum boðsbréf fylgdi listi yfir hótél og gististaði í þremur verðflokkum sem heimsmiðstöðin mælir með. Sem sagt staðir með starfsleyfi sem eru traustir og hæfilegir. Gott er að panta sér herbergi að minnsta kosti með árs fyrirvara. Ef maður bíður of lengi getur verið að það sé ekki hægt að velja úr mörgu og maður fær ekki gististaðinn sem mann langaði í.

Við ákváðum að velja mið-flokkinn í staðinn fyrir að velja eitthvað rosalega dýrt. Dögunum verður eytt að mestu leiti utan hótelsins en við vildum þægilegan stað til að sofa. Hinsvegar eru margir ódýrir staðir í gistiheimilisstíl með mörgum rúmum í einu herbergi en við vildum það ekki heldur.



Hótelið sem varð fyrir valinu heitir Hotel Beth Shalom. Það er 110 kílómetra frá alþjóðaflugvellinum og er staðsett á Karmelfjalli í um það bil 250 metra hæð fyrir ofan Miðjarðarhafið. Það er stutt að ganga í Karmel verslunarmiðstöðina og útsýnið er magnað yfir sjóinn, höfnina og borgina. Ef lengra er horft er jafnvel hægt að sjá landamæri Líbanons og vesturbakka Galíleuvatns. Það er líka stuttur



göngutúr, aðeins 20 mínútna ganga, að bahá'í helgistöðunum sem þýðir að við getum sleppt að taka leigubíl á morgnana. Hótelið er á aðalverslunargötunni og á myndum lítur það út fyrir að vera mjög þægilegt. Herbergin eru björt og hægt er að fá sér kaffi og te hvenær sem er að deginum. Það er lítil gjafaverslun á staðnum svo það er hægt að kaupa sér minjagrip ef maður nær ekki að fara almennlega í búðir. Þótt á hótelinu sé engin veitingastaður þá er fullt af veitingahúsum í sömu götu og hótelið þar sem er hægt að fá sér eitthvað gott að borða.

## 5. Bahá'í heimsmiðstöðin á Karmelfjalli

Það var í síðustu heimsókn Bahá'u'lláh, opinberanda bahá'í trúarinnar, til Haifa árið 1891 að hann sagði við son sinn, 'Abdu'l-Bahá, hvar hinn endanlegi hvíldarstaður fyrirennara síns, Bábsins, ætti að byggja. Kringum þann stað var




bahá'í heimsmiðstöðin byggð og er hún þar með bæði andleg og stjórnfærslæg miðstöð bahá'ía. Það var 'Abdu'l-Bahá sem byrjaði á þessu stóra verkefni og við andlát hans tók dóttursonur hans við. Það hefur tekið mörg ár að byggja grafhýsi Bábsins og stallana kringum það. Stallarnir voru formlega opnaðir árið 2001.

Í þessu kafla munum við kynna í stuttu máli helstu staði sem við heimsækjum í píligrímsferðinni okkar í mars.

### 5.1. Grafhýsi Bábsins

Það var árið 1899 sem 'Abdu'l-Bahá lagði hornstein að byggunni og nokkrum mánuðum seinna hófst byggingavinnan. Marmarasteinkista var send alla leið frá Rangoon til að leggja lík Bábsins í. En vinnan gekk ekki án erfiðleika og vandamál komu upp t.d. þegar embættismenn sýndu andstöðu, það var beðið um óheyrilega upphæð þegar 'Abdu'l-Bahá vildi opna veg til byggingarinnar og á tímabili var hann í stofufangelsi í Akko og gat ekki fylgst með framkvæmdunum. En loksins árið 1909 var sex herbergja bygging kláruð og í mars sama ár var Bábinn lagður til hvílu.



Seinna byggði dóttursonur 'Abdu'l-Bahá, Shoghi Effendi, þrjú herbergi í viðbót þar sem 'Abdu'l-Bahá hvílir núna. Hinsvegar var það ekki fyrr en 1942 að Shoghi Effendi bað arkitektinn Sutherland Maxwell að byggja yfirbyggingu yfir grafhýsið. Í maí 1944 var módel af húsinu tilbúið en árið 1948 voru pantaðar granítsúlur alla leið frá Ítalíu til að leggja grunnin að yfirbyggingunni. En það var ekki fyrr en 1953 að verkið var endanlega klárað. Til að hugsa hversu stutt er síðan þá fæddust foreldrar mínir árið 1952 og foreldrar mannsins míns árið 1939 og -40.




Efri hluti byggingarinnar hefur átta hliðar og það eru átján bogagluggar sem tákna átján fyrstu fylgjendur Bábsins. Þakið er gullslegið hvolfpak. Ytri hluti byggingarinnar á að tákna alla jörðina, í hjarta jarðarinnar er Landið helga og þar rís fjall Guðs. Þannig lýsti Shoghi Effendi grafhýsi Bábsins. Níu fallega hannaðir garðstallar eru fyrir ofan og fyrir neðan grafhýsið. Sjálft grafhýsið er staðsett á tíunda stallinum en allt í allt eru nítján stallar á Karmelfjalli. Grafhýsið er umkringgt stórkostegum görðum.

## 5.2. Grafhýsi Bahá'u'lláh



Á síðustu árum lífs síns bjó Bahá'u'lláh í stórhýsi sem heitir Bahjí. Það er þar sem hann var lagður til hvíldar árið 1892 undir gólfi viðbyggingar við stórhýsið. Þetta hús er helgasti staður á jörðu í augum bahá'ía um allan heim. Grafhýsi Bahá'u'lláh er umkringgt fallegum görðum þar sem erum fimm hlið og níu gangstígar sem Shoghi Effendi sjálfur hannaði. Eitt af hliðunum við gangstíginn í norður hluta garðsins heitir Collins hliðið eftir Ameliu Collins þar sem hún gaf Shoghi Effendi peninginn til að kaupa hliðið. Í kjölfar þess ákvað Shoghi Effendi að nefna hliðið eftir þessari yndislegu konu.






Það var tímabilinu eftir andlát 'Abdu'l-Bahá að andstæðingar trúarinnar yfirtóku stórhýsið, tóku lyklna af húsverðinum og ráku hann út. Það tók nokkur ár að leysa málið koma lyklnum til rétttra aðila aftur en þá var húsið í skelfilegu ástandi. En allt var lagfært og í dag er stórhýsið safn fyrir pílagraíma.

### 5.3. Bahá'í garðarnir

Það var á fjórða áratugi tuttugustu aldar að níu stallar voru byggðir fyrir neðan grafhýsi Bábsins. En þessir stallar voru þá aðeins í frumstæðri mynd og á árunum á eftir var allt nauðsýnlegt land undir hina stallana keypt. Það var árið 1987 að ákveðið var að byggja upp stjórnfarslegu byggingarnar og garðana í kringum þær og í síðasta áfanganum sem hófst árið 1990 voru allir nítján stallar byggðir. Arkitektinn sem hannaði alla stalla heitir Fariborz Sahba en hann er frá Kanada. Stallarnir eru einn kílómetra að lengd og eru 60-400 metrar að breidd. Fagurfræðileg lögmálin sem notuð voru í hönnun garðanna eru samræmi, samstilling og skipulag.



Stallarnir nítján tákna Bábin og fyrstu átján fylgjendur hans og á stalli rétt fyrir neðan grafhýsi Bábsins standa tvö appelsínutré. Fræ þeirra komu frá Shiraz í Íran frá heimili Bábsins áður en það var eyðilagt. Annað efni sem notað er í stallana er úr grjótnámum í Ísrael og unnið í Nasaret. Hver einasta stallur hefur þrjú svæði. Innsta svæðið er formlegt og vel hirt. Miðsvæðið er óformlegra þar sem vex gróður sem er mjög dæmigerður fyrir Mið-Austurlönd og ysta svæðið er



látið vaxa náttúrulega þar sem nokkrar dýategundir hafa nú snúið til baka.

Minnisvarðagarðurinn er garður í grennd við grafhýsi Bábsins sem er á sama stalli. Í þessum garði eru minnisvarðar á fjórum stöðum og undir þeim hafa nokkrir fjölskyldumeðlimir Bahá'u'lláh verið jarðsettir.



Það var Shoghi Effendi sem hannaði minnisvarðana og þeir voru byggðir á Ítalíu. Minnisvarðarnir sem eru úr hvítum Karrara marmara voru þá sendir til Haifa og voru settir á sinn stað einhvern tímann milli 1932 og 1942. Kringum minnisvarðana lét Shoghi Effendi rækta fallega garða.

Ridván garðurinn er staðsettur tæplega einn kílómetra frá Akko. Það var 'Abdu'l-Bahá sem fyrst leigði landið fyrir föður sinn árið 1875 en það var seinna árið 1877 sem Bahá'u'lláh heimsótti garðinn í fyrsta sinn. Seinna árið 1881 var landið keypt. Lýsingin á garðinum er ótrúlega falleg. Þar er lækur sem rennur kringum garðinn, alls konar blóm, rósir og jurtir hafa verið gróðursettar þar eins og mórberjatré, rósmarín-, mintu- og tímíanjurtir og loftið ert sætt með sítrónulykt og moskusilmi.



#### 5.4. Akkoborg og fangelsið

Akko er fyrir norðan Haifa í um það bil klukkutíma fjarlægð. Það var í þessari borg að Bahá'u'lláh og fjölskylda hans voru fangelsuð í rúmlega tvö ár. Bahá'u'lláh hefur sjálfur skrifað um þennan stað að loftið í fangelsisborginni hafi verið svo



viðbjóðslegt að hefði fugl flogið yfir borgina hefði hann dáið út af fnyknum. En á þessum tíma tilheyrði Akko Tyrkjaveldi en Tyrkir notuðu borgina sem fanganýlendu. Þangað voru sendir morðingjar, pólitískar áróðursmenn og stigamenn úr öllum hlutum Tyrkjaveldis. Þar var ekkert ferskvatn innan borgarmúranna og

göturnar voru ógeðslegar.

Núna hefur borgin auðvitað breyst mikið. Hún er skiptist í tvennt með eldri hluta og nýrri hluta. Göturnar eru miklu hreinni og mikill ferðamannastraumur liggur þangað almennt.



Í pílgrímsferðum er farið til Akko og farið að skoða fangelsið og herbergið þar sem Bahá'u'lláh dvaldi.


### 5.5. Stjórnfarslegar byggingar á Karmelfjalli

Fjórar byggingar prýða Karmelfjall vinstra megin við grafhýsi Bábsins. En þar er æðsta stjórn bahá'í trúarinnar með aðsetur. Þessar byggingar samræma hagnýtan og andlegan tilgang sinn og fagurfræði. Það var arkítectinn Hossein Amanat frá Kanada sem hannaði byggingarnar. Þessar byggingar eru aðsetur Allsherjarhúss réttvísinnar, Alþjóðlega ráðgjafamiðstöðin, Textarannsóknamiðstöðin og Alþjóðlega minjasafnið.

Byggingavinnan við aðsetur Allsherjarhúss réttvísinnar hófst árið 1972 og lauk árið 1982. Ytra borð byggingarinnar er úr marmara og með röð af fimmtíu og átta súlum. Að innan er byggingin einföld, opin og aðlögunarhæf. Það sem er athyglisvert við þetta hús er að allar skrifstofur og fundarsalir eru fyrir neðan jarðhæð.





Byggingu á Alþjóðlegu ráðgjafamiðstöðvarinnar lauk í janúar árið 2001. Byggingin er úr steinsteypu en klædd marmara og skreytt súlum.



Textarannsóknamiðstöðin var tilbúin árið 1999. Þar vinna fræðimenn og þýðendur sem rannsaka og þýða bahá'í texta úr arabísku eða persnesku. Tveir þriðju hlutar þessarar byggingar eru neðanjarðar.

Það var árið 1952 sem Shoghi Effendi ákvað að láta byggja Alþjóðlega minjasafnið. Þegar byggingavinnunni lauk árið 1957 voru persónulegir munir Bahá'u'lláh, Bábsins og 'Abdu'l-Bahá færðir þangað ásamt andlitsmyndum af Bahá'u'lláh og Bábinum og frumeintök af handritum og töflum rituðum af þeim. Ytri





borð byggingarinnar er líka úr marmara með súlum sem fara alla leið kringum húsið.

Það er ein bygging sem vantar enn og hún er alþjóðlega bókasafnið. Það er ekki ljóst hvenær vinnan við það hefst.

Þó það séu fleiri staðir sem við munum af öllu líkindum heimsækja eru áður nefndir staðir þeir helstu sem við vitum um. Allt annað verður þá óvænt fyrir okkur.

## 6. Ferð heim til Íslands

Um morgunin þann 26. mars er kominn tími til að pakka niður eftir tveggja vikna ferð og byrja undirbúa sig fyrir ferðalagið heim. En við þurfum ekki að yfirgefa Haifa svæðið fyrr en við sólsetur sem þýðir að við getum farið að versla minjagripi og heimsótt graphýsin og garðana í síðasta skipti í heimsókninni.




Við sækjum töskurnar frá hótelinu okkar og þökkum fyrir yndislega heimsókn og förum svo í sherut að Ben Gurion flugvelli. Vegurinn liggur við sjórinn alla leið suður og vonandi verði útsýnið yfir Miðjarðarhafið gott og ekki skýjað. Við fljúgum með British Airways kl. 16:40 staðartíma og þurfum að vera komin allavega tveimur klukkustundum á áður. Það er líka gott að hafa nægan tíma til að fá sér kaffisopa og slaka á og hugsa um allt sem við höfum upplifað og séð.



Við lendum þá í London á Heathrow flugvelli kl. 20:10 að staðartíma eða kl. 19:10 að íslenskum tíma. Þá ætlum við að fara beint á hótelið Express By Holiday Inn sem er fjóra kílómetrar frá Stanstead og gista eina nótt þar. Spurningin er hvernig hvað sefur maður mikið





eftir svona spennandi ferð?

Næsta morgun fer flugið um hádegisleitið frá Stanstead og við lendum á Keflavíkflugvelli um þrjú leitið. Þá tökum við flugrútuna heim og segjum öllum frá og sýnum myndir af pílgrímsferðinni til Haifa.

## 7. Lokaorð

Það er erfitt að ímynda sér hvernig þessi ferð verður. Þetta er náttúrulega „öðruvísi“ ferð en venjuleg hvíldar-, borgar-, eða skemmtiferð og maður hefur allt annan hugsunarhátt en ef við værum að fara í „venjulega ferð“. Pílgrímsferð getur verið mjög tilfinningarík upplífing sem verður aldrei gleymd. Til að passa upp á það að ekkert gleymist er gott að hafa litla stílabók með sér til að skrifa niður



atvik dagsins og góða myndavél með mörgum tómum minniskubbum.

Allir þessir staðir sem maður hefur lesið í bahá'í sögubókum árum saman koma allt í einu til lífs og eftir að hafa skrifað þessa ritgerð finnst mér, okkur, að við værum komin hálf leið til Ísraels. Við höfum lært aðeins meira um staðina og söguna að baki byggingunum og núna erum við tilbúin að fara og sjá allt í alvörunni. Þetta hefur sannarlega verið góður undirbúningur og við hlökkum mikið til.

En Haifa er ekki einungis mikill pílgrímastaður heldur líka almennt vel heimsótt ferðamannaborg. Grafhýsi Bábsins er sjötti eða sjöundi mest heimsótti staður í Ísrael og hægt er að heimsækja stallana hvort sem maður er bahá'íi eða ekki. Það væri mjög skemmtilegt að fara aftur seinna en fara þá á aðra staði og kynnast Ísrael á annan hátt. En það er eitthvað til að hugsa um seinna.



## Myndirnar

1. Grafhýsi Bábsins, forsíða
2. Fáni Ísraels, bls. 3
3. Landakort Ísraels, bls. 3
4. Ben Gurion flugvöllur, bls. 4
5. Sherut, bls. 5
6. Vor í Haifa, bls. 5
7. Hótel Beth Shalom, bls. 6
8. Skraut á einu hliði, bls. 7
9. Grafhýsi Bábsins, bls. 8
10. Grafhýsi Bahá'u'lláh, bls. 8
11. Stallarnir kringum grafhýsi Bábsins, bls. 9
12. Tveir minnisvarðar í Minnisvarðagarðinum, bls. 9
13. Ridván garðurinn, bls. 10
14. Herbergi Bahá'u'lláh í fangelsinu í Akko frá tíma Bahá'u'lláh, bls. 10
15. Aðsetur Allsherjarhúss réttvísinnar, bls. 11
16. Textarrannsóknarmiðstöðin, bls. 11
17. Alþjóðlega minjasafnið, bls. 11
18. Eldtré á miðsvæði eins af garðstöllunum, bls. 12
19. Ben Gurion flugvöllur, bls. 12
20. Einn af stöllunum, bls. 13



## Heimildaskrá

### Bækur

Bahá'u'lláh. The Kitab-i-Aqdas, The Most Holy Book. Bahá'í Publishing Trust. 1993.

Bahá'í World Centre. Bahá'í World Holy Places at The World Centre. Bahá'í World Centre. 1968.

Haifa Tourist Board. Bahá'í Shrine and Gardens on Mount Carmel, Haifa, Israel. Haifa Municipality, Haifa Tourist Board and MOD Publishing House. 2001.

Hans Höfer. Insight Guides, Israel, Third Edition. APA Publications Ltd. 1995.

Wendy Momen. A Basic Bahá'í Dictionary. George Ronald. 1996.

### Bæklingar

Department of Pilgrimage. Information on Accommodation and Transportation for Pilgrims and Other Bahá'í Visitors to the World Centre. Bahá'í World Centre.

Department of Pilgrimage. Important Information about Bahá'í Pilgrimage. Bahá'í World Centre.


### Heimasíður

Central Intelligence Agency. <http://www.cia.gov/> . Skoðað 29.1.2008

Haifa Tourist Board. <http://www.tour-haifa.co.il/> . Skoðað 18./21./22./25./28./29.1.2008

Hôtel Beth Shalom. <http://www.beth-shalom.co.il/> . Skoðað 25.1.2008

Terraces of the Shrine of the Báb. <http://terraces.bahai.org/visiting.en.html> Skoðað 28.1.2008



Wikipedia, The Free Encyclopedia.

[http://en.wikipedia.org/wiki/Bah%C3%A1'%C3%AD\\_World\\_Centre\\_buildings](http://en.wikipedia.org/wiki/Bah%C3%A1'%C3%AD_World_Centre_buildings)

Skoðað 28.1.2008

### Myndir

Bahá'í Media Bank. <http://media.bahai.org/subjects/locations/> . Skoðað 28./29.1.2008

Ben Gurion flugvöllur, myndasafn. <http://www.iaa.gov.il/Rashat/en-US/Airports/BenGurion/AbouttheAirport/PictureGallery/OutSideLookOftheTerminal/> og <http://www.iaa.gov.il/Rashat/en-US/Airports/BenGurion/AbouttheAirport/PictureGallery/InsideLookOfTheTerminal/>

Hótel Beth Shalom, myndasafn. [http://www.beth-shalom.ch/index.php?option=com\\_ponygallery&Itemid=102&func=viewcategory&catid=1](http://www.beth-shalom.ch/index.php?option=com_ponygallery&Itemid=102&func=viewcategory&catid=1)